

Skrá 26. Heyannir III

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins.

26. Spurningaskrá.

Inngangur.

Spurningaskrá þessi fjallar um samantekningu heys til hirðingar og nokkur önnur atriði, er varða heyvinnu á túni og engjum. Fyrri spurningaskrár um þetta efni eru: Orf, hrífa, ljár, 1963, Heygeymsla, 1969, Heyannir, flutningstæki og flutningar, 1970 og Heyannir II, Heyvinnuföt, matur, matmálstímar o.fl. 1971.

Menn eru beðnir að hafa vel í huga, að aðferðir við þessi verk hafa verið ærið mismunandi eftir því hvar á landinu. Spurningar okkar eru því hvergi nærri tæmandi og geta einatt átt við takmarkað svæði. Þeim er ekki síst ætlað að ýta við mönnum til að segja frá annars konar vinnubrögðum hver í sínu héraði. Því má enginn láta villa sig, þótt hann kannist ekki við nákvæmlega það, sem um er spurt, heldur rifja upp, hvað frábrugðið var úr hans heimahögum.

Samantekning, að taka saman hey.

Hvað felst í orðunum að taka saman og samantekning um heyvinnu? Voru þau notuð um alla samantekningu heys til að hlífa því gegn regni eða e.t.v. aðeins um samantekningu til hirðingar? Hvaða orðum var farið um hey á mismunandi stigum þurrkunar (haugur, haugblautt, hráblautt, blautt, lint, liskrótt, með liskrum, grasþurrt, hálfþurrt, hirðandi, þurrt, skráþurrt, skraufþurrt, brakþurrt, o.s.frv.)?

Þerrir.

Hvaða orðum var farið um heyþurk (þerrimó, þerrir, flæsa, tekur af heyi, móar í hey, heyþurkur, góður þerrir, brakandi þerrir, o.s.frv.)? Lýsið aðgæslu manna og athugun í sambandi við veður til heyþerris. Lýsið athugun manna varðandi það, hvort hægt væri að fara í hey, hvort tekið væri af heyi og hvort hægt væri að taka hey saman. Greinið einnig frá orðum sem notuð voru um þetta.

Segið frá orðum og athugun manna í sambandi við það, er rigndi í hálfþurrt eða þurrt hey eða því, er keppst var við að bjarga heyi undan regni.

Voru nokkrir ákveðnir þerriboðar sem menn tóku mark á, m.a. í atferli dýra eða fugla, í hljóði sjávar, í útliti himins, í döggi eða áfalli heys eða öðru? Lýsið þessu með tilliti til þurrks og hirðingar á heyi. Var eitthvað, sem varast þurfti í atferli manna eða háttum á teigi í sambandi við heyþurk?

Að rifja, snúa, leggja í rifgarðinn.

Lýsið verklagi við rifjun eða snúning á heyi. Hvað var verkið nefnt? Var það á nokkurn hátt breytilegt eftir því hvort unnið var á túni eða engi, þurrlendi eða votlendi? Voru margir saman um rifjun eða snúning á sama flekki eða heybreyðu, eða vann hver einn fyrir sig í flekki eða breiðu? Fór þetta e.t.v. eftir stærð flekkja? Hvað nefndist hvert umfar eftir hrífu við snúning heys (rifgarður, snúningsgarður, t.d.)? Voru vissir siðir tengdir snúningi heys, m.a. til gamans við verkið, t.d. gagnvart því, hver átti síðasta rifgarð í flekki (að setja á garðana o.s.frv.)? Lýsið þessu. Kom fyrir að hey væri tvísnúið á sama degi?

Að hræra, ká, káfa í heyi.

Þekktist það, að hrært væri í heyi með hrífum í síðasta undirbúningi þess að taka það saman til hirðingar til að jafna um það til frekari þurrkunar? Hvað var það nefnt (hræra í, ká eða káfa í heyi, t.d.)?

Að garða.

Var líttþurru eða hálfþurru heyi rakað saman í "garða" til að forða því að rigndi í það flatt? Hvað var það kallað? Var það gert á mismunandi hátt? Lýsið, hvernig að þessu var unnið.

Dríli, drílur, föng, klúkur, o.s.frv.

Var hey tekið saman til bráðabirgða í smáknippi eða hrúgur, sem biðu svo þurrks á túni eða engi? Hvað nefndist þetta (að dríla t.d.)? Hvað nefndust hrúgurnar (dríli, dríla, fang, klúka t.d.)? Voru þær e.t.v. mismunandi að stærð og gerð og nöfn miðuð við það (smádríli, smádrílur, krossdríli, klúkur, t.d.)? Lýsið þessu, verklagi og orðum, sem notuð voru í þessu sambandi. Var þetta e.t.v. á einhvern hátt háð landi (slétta, þýfi, o.s.frv.)?

Að dreifa, breiða á, breiða úr, breiða út.

Hvað nefndist verkið við að breiða út dríli, föng, garða eða sæti? Fór orðið eftir því hvort gert var vel eða illa (breiða út, kasta út t.d.)? Lýsið verkinu.

Samanrakstur.

Lýsið samanrakstri heys til hirðingar. Hvað nefndist verkið? Var sérstakt orð um það, er raka þurfti allan teiginn (að teigraka t.d.)? Hvað nefndist það, er raka þurfti saman heydreif eftir fok (að raka dreif, að raka strú, t.d.)? Hvað nefndist dreifin (dreif, strú, t.d.)? Lýsið mismun á samanrakstri með tilliti til mismunandi lands og þess, hvort um flekki var að ræða eða síbreiðu í túni.

Múgar, garðar.

Hvað nefndist hrúga af samanrökuðu heyi (múgi t.d.)? Voru um þetta sérstök nöfn eftir því t.d. hve mikið magn heys var í hrúgunni (baggamúgi, sátumúgi, o.s.frv.)? Var heyi rakað í garða til að fanga upp eða saxa? Þekktist það, að heyi væri rakað saman í sérstaka gerð múga til að forða því frá foki (vindmúgar)? Lýsið því.

Að saxa, fanga upp hey.

Hvað nefndist verkið við að taka hey saman með hrifu til að færa það upp í heystæðu eða sæti (að saxa, fanga upp t.d.)? Lýsið fóta-og handstöðu við verkið. Hvað nefndist það magn heys, er upp var tekið (heyfang t.d.)? Voru e.t.v. mismunandi orð um saxað hey miðað við magn (fang, heilfang, hálffang, tugga, t.d.)? Hvernig var fang tekið upp?

Tvíssett sáta, tvístæða, bólstur, galti.

Var hey sett upp í tvöfaldar (tvísettar) sátur, sem síðar var breitt úr til þurrks eða síðar færðar í bönd? Hvað nefndist það (tvíssett sáta, bólstur, t.d.)? Lýsið uppsetningu (stærð og gerð). Var um mismunandi uppsetningar heys að ræða? Lýsið því. Hvað nefndist verkið við að setja mænifang á tvísetta sátu (að kjala, setja á kjöl t.d.). Voru tvíssett hey eða bólstrar varin gegn regni með einhverjum hætti? Lýsið breiðslu eða hirðingu.

Að leggja reipi.

Hvað nefndist verkið við að leggja heyreipi á teig til að sæta (sáta) á það hey til hirðingar? Lýsið verkinu við að leysa úr reipi og leggja það á jörðina. Hvort kastaði maður frá sér töglum eða höglum við verkið? Var gætt að því að hafa jafnan svipað bil milli tagla, er búið var að leggja reipið.

Sæti.

Að sæta sátu, setja í sæti, sáta hey, o.s.frv.

Lýsið sætingu heys. Minnst m.a. eftirfarandi atriða: Hvað nefndist verkið við að setja hey upp

í sæti til bindingar eða til að hlífa því gegn regni? Hve mörg heyföng voru að jafnaði sett í sátu eða bagga? Hvernig var fyrsta fang sett á reipi? Nefndust föngin nokkuð sérstakt miðað við, hvar þau voru lögð í sátuna? Var föngunum þrýst þétt niður í sátuna? Hvað nefndust einstakir hlutar fullgerðrar sátu (sátubotn, sátuhaus, sátuendi, sátukollur o.s.frv.)? Var sæti, er átti að standa á teig, að jafnaði látið snúa í helstu vindátt eða regnátt?

Hvað var það nefnt ef sett var hey á reipi eins og það framast tók í bindingu (reipafyllir t.d.)? Var við það miðað, að sátur væru sem jafnastar að stærð, svo betur færu baggar á hestum við heimflutning? Var rakað utan úr sátum til snyrtingar um leið og sætt var? Hvað nefndist það (að kemma sátu eða annað)?

Kom fyrir að sætt væri reipalaust? Við hvaða aðstæður? Hvað nefndist þá verkið við að koma reipi undir sátu (að drepa undir eða annað)? Lýsið því.

Hvenær var byrjað á því að verja sæti, er stóð lengri eða skemmri tíma á teig, gegn regni með yfirbreiðslum úr striga eða öðru efni? Lýsið því. Hvað nefndist það, er staðið sæti varð fyrir skemmdum af regni (drepíð, botndrepíð, t.d.)?

Að binda sæti, setja í bönd, binda bagga.

Lýsið nákvæmlega verkinu við að binda sæti eða bagga. Minnst m.a. eftirfarandi atriða: Hvað nefndist verkið við að koma sæti í bönd? Þekktist orðasambandið "að vefja að sátu", um binding heys? Hvað nefndist sá, er verkið vann (bindingsmaður t.d.)? Hafði hann hlífðarvettlinga (bindingshanska) á höndum? Vann hann einn að því að binda eða hafði hann aðstoðarmann? Var við það miðað, að bindingsmaður kæmi ákveðnum baggafjölda eða kaplafjölda í bönd á einum bindingsdegi? Lýsið því, a) miðað við að einn ynni verkið, b) miðað við að tveir ynnu saman. Hvorum megin sátunnar stóðu bindingsmaður og aðstoðarmaður hans, er dregið var í hagldir eða bundið bakreipi?

Greinið frá einstökum orðum, sem notuð voru við sjálfa bindinguna (draga í hagldir, stíga sátu, stíga niður, halda við, liggja á, fylgja eftir, snúa við, binda bakreipi, gera af sátu, afgjörð, taka utan af o.s.frv.)? Sendið sýnishorn af hnút á bakreipi ef hægt er (afgjörð, baggahnútur). Við hvað var miðað, ef baggi skyldi vera vel bundinn (þéttleiki, þjöppun heys t.d. og það hvar silinn væri á bagganum, o.s.frv.)? Hvað nefndist laust hey, er lá eftir nýbundinn bagga (baggasafn t.d.)? Var það lagt á næstu sátu og svo koll af kolli, er bundið var? Þekktist það að síðasta baggafang á slætti eða síðasta fang á engi væri skilið eftir (gefið engjunum)? Nefndist það nokkuð? Þekktist nokkur þjóðtrú í sambandi við það?

Var mismunur á bindingu heys, t.d. miðað við þurrhey og votaband?

Var böggum jafnan velt þannig til á teig, að tveir lægju saman til að auðvelda verkið við að setja upp á hest?

Voru mismunandi orð um heybagga, miðað við stóra bagga, meðalbagga og litla bagga (þrælband, böggjar, skjattar, skaufar, o.s.frv.)? Var stærð heybands og binding við það miðuð, hvort heybandsvegur var langur eða skammur?

Var jafnan hirt um hey, er lá eftir heybagga á teig? Hvað nefndist það (rök eða annað)? Hvað nefndist verkið við að taka það upp? Var mikil áhersla lögð á það að ganga vel um teiga (raka teiga), er "staðið var í hirðingum". Lýsið þessu.

Annað er efnið varðar.

Lýsið öðru er varðar samantekningu heys með gömlu lagi og ekki er enn fram komið í spurningum. Hvenær hófst það að nota heyýtur, dregnar af hestum, við samantekningu heys á teig. Var notkun á heyýtu eingöngu háð nýjum heyskparháttum, er upp var tekið að setja upp hey í stóra galta eða lanir eða draga hey í hlöður? Lýsið þessu.

Var nokkur þjóðtrú tengd því er hæfilegt þótti að ljúka slætti eða heyverkum að hausti?

Kunna menn að segja frá því, að heyjuð hafi verið ísastör?

Laufheyskapur o.fl.

Þekktist það, að víðir eða annar runnagróður væri sleginn eða skorinn til fóðuröflunar? Hvað nefndist það? Segið frá einstökum tegundum runna, sem þannig voru notaðir til fóðurs. Segið frá sprettustöðum og aðstæðum við fóðuröflun. Segið frá verkfærum við vinnu. Segið frá þurrkun. Segið frá samantekningu í sæti eða bagga, frá bindingu í bagga og öðru er efnið varðar. Segið frá heimflutningi. Var rætt um notagildi þessa fóðurs, t.d. móti töðu eða útheyi? Þekktist það að lyng, hrís, skógur eða aðrar gróðurtegundir væru skornar eða rifnar til fóðurs og til fóðurdrýginda að sumri eða vetri? Lýsið verki og flutningum. Lýsið fóðurgjöf og öðru, er þetta efni varðar.